

Djúpivogur 17.ágúst 2020

Djúpavogshreppur

Bakki 1

765 Djúpivogur

Efni: Herbertslundur í Búlandsdal

Ágætu sveitastjórnarmenn, nú fer í hönd síðasti hreppsnefndarfundur hjá ykkur í Djúpavogshreppi og mig langar því að koma með smá tillögu til ykkar. Við höfum öll séð skóginn sem er að vaxa inn á Teigum og þá undir Búlandstindi sem er og verður glæsilegur eftir nokkur ár. Eins og við flest vitum þá gróðursetti Herbert Hjörleifsson, fyrrum ábúandi, á Teigarhorni þessi tré á þeim tíma er hann og fjölskylda hans bjuggu þar. Mér finnst því við hæfi að heiðra minningu hans með því að nefna ákveðinn stað á þessu svæði Herbertslundur. Ég hef séð svipað gert á fjölmörgum öðrum stöðum þar sem einstaklingar hafa verið duglegir við að gróðursetja.

Hugmyndin hefur verið borin upp við Helenu, móður hans, og Róbert, bróður hans, og bæði hafa þau sagt að sér lítist mjög vel á þetta. Þá hef ég nefnt þetta við nokkra aðila hér á staðnum og fengið mjög jákvæðar undirtektir.

Ég vona að þessi hugmynd mín fái jákvæðar undirtektir.

Með kveðju,

Reynir Arnórsson